

## Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 135

28. ágúst 2024

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans 28. ágúst 2024 kl. 8:30.  
Mætt: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Sigurðsson, Hrefna Bryndís  
Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### 1. Samþykkt fundargerðar

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust vegna fundargerðar síðasta stjórnarfundar og var hún samþykkt og undirrituð.

### 2. Sex mánaða uppgjör

Skólameistari fór yfir sex mánaða uppgjör Menntaskóla Borgarfjarðar. Almennt er rekstur MB í góðu jafnvægi. Umræður fóru fram eftir kynningu skólameistara.

### 3. Kynningarmál

Rætt um kynningarmál skólans. Stefnt er að heimsóknnum á haustönn í grunnskóla á upptökusvæði MB og kynna starfið. Umræður fóru fram í kjölfarið og velt vöngum yfir markaðs- og kynningarmálum skólans.

### 4. Skólastarf

Rætt um skólastarfið í byrjun haustannar.

Heildarfjöldi skráðra nemenda í MB er 205 við upphaf haustannar og hafa aldrei verið fleiri. Til samanburðar voru nemendur í MB 147 árið 2020. Rætt um nýtingu húsnæðis, viðhaldsáætlun og fleira. Rætt um skólaþróun MB til framtíðar.

### 5. Önnur mál

- Málefni Kvikú. Rætt um þróun Kvikú og hvernig megi efla starfið þar.
- Staða nemendagarða MB. Rætt um stöðu framkvæmda að Borgarbraut 63.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 9:56